

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Fríðugata 8-12, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 26. september 2024, óverulega breytingu á deiliskipulagi Vesturbyggðar vegna lóðarinnar Fríðugata 8-12. Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits og er hugsuð svo hægt sé að koma fyrir auknu uppbroti hússins.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Kirkjuferjuháleiga I og Kirkjuferjuháleiga I – land 4 DSK.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 29. ágúst 2024 deiliskipulag fyrir Kirkjuferjuháleigu I og Kirkjuferjuháleigu I land 4. Um er að ræða tillögu að skipulagi fyrir Kirkjuferjuháleigu I, L191975, í Ölfusi. Gert er ráð fyrir að skilgreina nýja lóð út úr landi Kirkjuferjuháleigu I; Kirkjuferjuháleiga I, land 4.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 16. október 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasviði.

B-deild – Útgáfudagur: 16. október 2024